

Greinargerð með fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða sbr. 17. lið fundargerðar ráðsins 28. janúar 2020.

Íbúar í miðborg óska eftir að lýsing verði bætt:

- Á Arnarhóli en þar er slæm lýsing á gönguleið yfir hólinn
- Á leikvelli við Ingólfsstræti.
- Öll gatnamót við Hverfisgötu þar sem merkingar og lýsingar má bæta.
- á Bergþórugötu við Austurbæjarskóla.
- Á battavelli við Austurbæjarskóla
- Á horni Bergstaðastrætis og Njarðargötu við gangbraut. Rétt við leikskólann Laufásborg.
- Á milli Tækniskólans og Hallgrímskirkju
- Í Hljómskálagarði
- Skólalóð Austurbæjarskóla og umhverfi skólans

Íbúar í Hlíðum óska eftir að lýsing verði bætt

- Á Klambratúni, Rauðarárstígmegin við Kjarvalsstaði og svo tünmegin við fótboltavöllinn. Það munaði alveg um þega lýsing var aukin í fyrra en mætt alveg bæta aðeins við. Mikið af dimmum köflum. stígum yfir Klambratún
- Á göngustíg frá Bogahlíð yfir í leikskólann við Grænuhlíð þar sem er einungis 1 ljósastaur. (Byrjar sem bílastæði en breytist í göngustíg að leikskólanum bakatil.) Einnig mætti afmarka göngustígin skýrt og setja hækkun með gangbraut yfir Bogahlíð sem er við enda stígsins.
- Við sebrabraut við Hlíðaskóla til móts við Hörgshlíð 4
- Við leið meðfram hvítu háhýsunum við Bólstaðarhlíð og að Háteigsskóla (Göngustígur frá Bólstaðarhlíð að Háteigsskólalóð)
- Við gangbraut yfir Stakkahlíð, við Ísaksskóla. Rétt við Bólstaðarhlíð
- Við Háteigsvegin niður að Skipholti frá gatnamotum v/ Lönguhlíð og alveg niður að skólanum serstaklega.
- Á horni Hamrahlíðar og Bogahlíðar, Hamrahlíðar og Háuhlíðar og Hamrahlíðar og Stigahlíðar má bæta lýsingu töluvert vegna mikillar bílaumferðar úr mörgum áttum og fjölda barna sem eiga leið um í og úr skóla. Einnig vantar gangbraut yfir Háuhlíðina og Bogahlíðina.
- Við göngustíg í Norðurmýrinni sem liggur frá Gunnarsbraut og upp að Snorrabraut
- Á göngustíg gegnum Grænahlíð 14-16 að Stigahlíð vantar ljós þar og að Miklubraut
- Við gangbrautina sem er við hringtorgið Hamrahlíð/Langahlíð.
- Meðfram allri lóðinni hjá Hlíðaskóla Hamrahlíðar megin.
- Á leiðinni frá Suðurhlíðum upp að Veðurstofu. Framhjá henni og niður að MH.
 - Allur göngustígurinn meðfram vatnsstokknum
 - Njálsgata frá Snorrabraut að Rauðarárstíg og Njálsgöturóló, mjög dimmt þar.
 - Betri lýsing hjá gangbraut yfir Háteigsveg hjá Hjálmholti. Saman ber lýsingu sem nú er á gangbrautum yfir Lönguhlíð Hlíðarmegin við Miklubraut